

Skólaráðsfundur

8. desember 2016

Mættir: Oddur og Magnús – fulltrúar foreldra, Inga Rut fulltrúi bæjarbúa, Sigurdís og Rut – fulltrúar nemenda. Tinna H, Kristín H og Elín S – fulltrúar skóla, Svava skólastjóri.

1. Svava bauð upp á smákökur eins og ákveðið var á síðasta fundi áður en farið var í skoðunarferð um skólann. Skoðaðar voru framkvæmdir sem voru gerðar í sumar og haust á smíðastofu og Svava sagði frá fyrirhuguðum framkvæmdum sem hefjast fyrir jól en þá á að setja stálklæðningu utan á húsið til að koma í veg fyrir leka. Riddaragarður var skoðaður og rætt um mögulegan raka í húsinu.
2. Starfsáætlun
 - Farið yfir starfsáætlun og gerð grein fyrir stöðu verkefna á áætlun.
 - Rætt um samræmd próf, niðurstaða úr þeim liggur fyrir og er verið að skoða þær.
 - Starfsáætlun fer á netið á morgun, Svava óskar eftir athugasemdum ef einhverjar eru.
 - Skólanámskrárvinna hefur verið í gangi síðastliðin ár eða frá því menntamálaráðuneyti gaf út nýja námskrá með breyttum áherslum fyrir 4 árum. Mikil vinna hefur farið í gerð áætlunar fyrir skólann og er hún nú sýnileg á heimasíðu skólans.
3. Móðurmálskennsla
 - Skólinn er að vinna að þróunarverkefninu trú á eigin námsgetu þar sem áherslan er á nemendur með annað móðurmál. Unnið hefur verið að því undanfarið að koma á móðurmálskennslu fyrir pólska, tælenska og filipseyska nemendur. Ekki hefur gengið vel að fá kennara til starfa og hefur nú verið ákveðið að fara í þróunarvinnu og koma á fjarkennslu í gegnum vefsíðuna <https://trappa.is/> sem hefur boðið upp á talkennslu á landsbyggðinni í gegnum vefinn.
4. Önnur mál
 - Skólaþing – Svava og Jens kennari funduðu með stjórn nemendafélagsins varðandi hvernig bæta megi metnað nemenda í námi. Nemendafélaginu líst vel á að taka málefnið fyrir á skólaþingi sem haldið verður í janúar. Mikilvægt þykir að ná til nemenda sjálfra til að efla metnað og því nauðsynlegt að fá þau með í skipulagningu.
 - Umræða um hreinlæti eftir íþróttir. Rætt um hvort þurfi að auka áherslu á sturtunotkun eftir íþróttir, sérstaklega hjá eldri nemendum. Tillaga kom frá fulltrúa nemenda um hvort mætti hleypa þeim fyrr út úr tíma sem ætli sér að fara í sturtu til að nýta tímann betur. Það gæti jafnvel virkað líka sem hvatning til sturtunotkunar.
 - Umræða um félagsleg vandamál nemenda í kjölfarið af fréttumræðu um nemendur á höfuðborgarsvæðinu sem virtust „týnast“ í kerfinu og sniðganga skólann að miklu leiti. Hér hefur skólinn samband heim ef mætingar fara undir ákveðin viðmið og er þá brugðist við með viðeigandi hætti.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 19. janúar 2017

Fundi slitið 9:45

Fundarritari: Elín Þ. Samúelsdóttir